



Fundur í hafnarnefnd

14. fundur hafnarnefndar Langanesbyggðar haldinn að Skólavegi 5, Bakkafirði mánudaginn 13. nóvember 2017 og hófst kl. 15:30.

Mættir voru: Halldór Stefánsson formaður, Jónas Jóhannsson, Rafn Jónsson, Áki Guðmundsson, Jón Rúnar Jónsson í síma, Óli Þór Jakobsson og Elías Pétursson hafnarstjóri sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Dagskrá:

1. Níu mánaða rekstraryfirlit
2. Bakkafjarðarhöfn, grjótgarður
3. Staða verkefna
4. 70. fundur sveitarstjórnar, bókun U-lista, deiliskipulag
5. Gjaldskrár
6. Önnur mál

Fundargerð:

1. Níu mánaða rekstraryfirlit

Hafnarstjóri lagði fram og kynnti níu mánaða rekstraruppgjör Langaneshafna, rekstrarniðurstaða er jákvæð um 7 milljónir sem er betri afkoma en áætlun gerði ráð fyrir og sömuleiðis betri en samtíma afkoma fyrra árs.

2. Bakkafjarðarhöfn, grjótgarður

Hafnarstjóri fór yfir feril og stöðu máls. Samskipti hafa verið í gangi varðandi skemmd í grjótgarði alt frá fyrri hluta síðasta árs. Nýjustu vendingar eru þær að Vegagerðin var í sambandi og sagði málið komið í fullan gang. Mikilvægt er að halda því lifandi þar sem ástand er alvarlegt og ljóst að garðurinn er mjög viðkvæmur fyrir veðrum.

3. Staða verkefna

Jón Rúnar, og Óli Þór fóru yfir verkefni sem eru í gangi á Þórshöfn og Bakkafirði.

- Á Þórshöfn ber hæst uppsetning á krana sem er í undirbúningi og endurnýjun á ljósum. Í kjölfar samþykktar sveitarstjórnar um samráð við björgunarsveit kom í ljós þörf fyrir stærri krana en áður hafði verði áætlað. Einhver aukakostnaður
- Búið er að lagfæra rafmagn á flotbryggju á Þórshöfn, skipt var um tengla og ljós lagfærð.
- Framundan er að skipta út lýsingu á höfninni á Bakkafirði, reiknað er með því að lok þess verkefnis verði innan þriggja vikna.

- Rætt var um endurnýjunarþörf á vigtarskúr á Þórshöfn, hafnarnefnd leggur til að keyptur verði nýr skúr (gámur).
- Farið var yfir sorpmál og flokkun á höfninni, nefndin leggur a það ríka áherslu að boðið verði upp á fullnægjandi flokkun. Markmið skal vera að allt sem mögulegt er verði endurunnið og ítrasta hagræðis gætt. Hafnarvörðum falið að koma með tillögu að fyrirkomulagi

4. 70. fundur sveitarstjórnar, bókun U-lista, deiliskipulag

Á sjötugasta fundi sveitarstjórnar var hafnarnefnd og umhverfis og skipulagsnefnd falið að fjalla um og koma með tillögur að skipulagi og þróun hafnarsvæðis á Þórshöfn og á Bakkafirði í nútíð og framtíð.

Nefndin ákveður að draga saman gögn sem til eru, funda fljótlega og í framhaldi óska eftir sameiginlegum fundi með umhverfis og skipulagsnefnd.

5. Gjaldskrár

Farið var yfir forsendur sem nú liggja til grundvallar hækkunar gjaldskráa hjá sveitarfélaginu, samþykkt að gjaldskrá hafna hækki um 3%.

Rætt var um nýjan lið í gjaldskrá sem tæki á geymslu á vörubrettum og annarri lausavöru á hafnarsvæði. Hafnarstjóri leggur til að gjaldið verði 153 kr. pr. m² og reiknisfærist mánaðarlega. Gjaldinu verði bætt í 14. grein gjaldskrár undir önnur þjónustugjöld.

Samþykkt að fresta málinu til næsta fundar

6. Önnur mál.

Engin.

Fundargerð upplesin og samþykkt samhljóða.

Fundi slitið kl. 16:46.

